

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. júlí 2021 vegna auglýsingar á tillögum að nýju deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða svæði 1 og 2 og breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals svæði norðan Miklubrautar og Ártúnshöfða iðnaðarsvæði.

Góðan dag,

Vakin er athygli á því að eftirfarandi tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða svæði 1 og 2 og breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals svæði norðan Miklubrautar og Ártúnshöfða iðnaðarsvæði eru komnar í auglýsingu. Auglýsing birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu í gær og er athugasemdafrestur til og með með 18. ágúst 2021. Hægt er að nálgast gögn á eftirfarandi slóð; <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu>

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 24. júní 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1. - Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 16 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 1570 íbúða, skóla, verslunar- og þjónustusvæði við Krossamýrartorg, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð. Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins Bream Communities. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 2

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 24. júní 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2. - Sævarhöfði á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 18 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu allt að 1917 íbúða, safnskóla og skóla, verslunar- og þjónustusvæði, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð. Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins Bream Communities. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Elliðaárdalur svæði norðan Miklubrautar

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 24. júní 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals svæði norðan Miklubrautar. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Elliðaárdals norðan Vesturlandsvegar er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 10 ha. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ártúnshöfði iðnaðarsvæði

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. júní 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 24. júní 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - iðnaðarsvæði. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Ártúnshöfða - iðnaðarsvæði er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 11,5 ha. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá 7. júlí 2021 til og með 18. ágúst 2021. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til

skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 18. ágúst 2021. Vinsamlegast notið uppgengið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.